



FRÍ2A05 – Frítímafræði

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar: Anna Margrét Tómasdóttir	Netfang/netföng: anna.tomasdottir@borgo.is
------------------------------------------------------	------------------------------------------------------

Lýsing:

Í áfanganum er fjallað um hlutverk og ábyrgð þeirra sem starfa á vettvangi frítímans og tengsl þeirra við aðra starfsstéttir á sama vettvangi.

Fjallað er um hlutverk leiðtoga og stjórnenda í frístundastarfi. Nemendur kynnst kenningum um hópastarf og félagsmótun þar sem lögð er áhersla á samskipti innan hópa og hvaða áhrif hópar hafa á einstaklinga. Nemandi lærir grunnatriði í verkefnastjórnun, markmiðasetningu og tímastjórnun. Nemendur fá innsýn í þær aðferðir sem notaðar eru til að fá mismunandi stofnanir/hópa innan hverfis/sveitafélags/Íslands til að vinna saman að ákveðnum málum, s.s. forvörnum og frítímastarfi/afþreyingu.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Hlutverk og ábyrgð starfsfólks í frístundastarfi

Kenningum um hópastarf og útvíst

Helstu hugtökum og markmiðum siðfræðinnar og hvernig þau tengjast hlutverki og ábyrgð starfsfólks í frístundastarfi

Eiginleikum og hlutverki leiðtoga og stjórnenda í frístundastarfi.

Lýðræðislegum starfsháttum

Grunnatriðum í verkefna- og tímastjórnunar

Gerð áætlana fyrir frístundastarf

Mikilvægi þess að þekkja bæði styrkleika og veikleika sína í vinnu við verkefni í frístundastarfi.

Hlutverk leiðtoga og stjórnenda frístundastarfi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Hafa áhrif á samskipti innan hópa

Koma jákvæðum boðskap inn í hópastarf

Afla upplýsingar um starf sitt og verkefni sem unnið er að

Afla upplýsinga um þarfir mismunandi hópa fyrir frístundastarf

Gera áætlanir um þemaverkefni og annað frístundastarf fyrir mismunandi hópa fólks

Kynna verkefni í frístundastarfi

Semja markmið fyrir mismunandi verkefni og hópa á vettvangi frítímans, innan dýra og utan

Hæfniviðmið, nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Afla upplýsingar um félagsstarf í frítíma á ákveðnu svæði og koma með hugmyndir að nýjum verkefnum í samræði við hagsmunaaðila sem metið er með hópaverkefni, kynningu og umræðum

Búa til raunhæfa áætlun um verkefni í frístundastarfi sem ætlað er fyrir tiltekinn hóp fólks sem metir er með skriflegri áætlun, leiðsagnarmati og kynningu

Kynna frístundastarf bæði fyrir hugsanlegum samstarfsaðilum og þátttakendum sem metir er með skriflegri áætlun, leiðsagnarmati og kynningu

Vinna þemaverkefni eða annað frístundastarf sem ætlaði er fyrir tiltekinn hóp fólks sem metið er með hópavinnu, skýrslu og kynningu

Leiða saman mismunandi einstaklinga, hópa og stofnanir til að starfa saman að ákveðnum verkefnum fyrir frístundastarf sem metir er með kynningu, verkefni og umræðum.

Skýra hlutverk og ábyrgð starfsfólks í frístundastarfi og tengsl þess við aðra starfsstéttir rá sama svið sem metið er með leiðsagnarmati og verkefni

Nota styrkleika sína í vinnu við verkefni í frístundastarf sem metið er með sjálfsmati og verkefni

Beita grunnatriðum í verkefnastjórnun, markmiðasetningu og tímastjórnun sem metið er með verkefni

Námsmat:

Nemendur skila inn verkefnum sem hér segir (70%)

- Viðtöl (20%)
- Vettvangsathugun (10%)
- Sjálfskynning (10%)
- Vettvangsheimsóknir samantekt (10%)
- Verkefnastjórnun (20%)

Virkni og þátttaka (30%)- Ástundun og þátttaka er mikilvægur þáttur í náminu, í þessu felst meðal annars að mæta vel undirbúin(n) í tíma og með jákvætt viðmót. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum.

Heildarfjarvistir mega ekki fara yfir 10% ef ljúka á áfanganum á fullnægjandi hátt.

Námsgögn:

Öll námsgögn eru að finna á netinu og Innu-síðu áfangans. Mikilvægt er að nemendur hafi góða yfirsýn og séu vel undirbúinir fyrir kennslustundir.

Gott að byrja hér:

http://menntavisingastofnun.hi.is/sites/menntavisingastofnun.hi.is/files/fristundir_og_fagmennska_utgafa.pdf?fbclid=IwAR0-03XIIQdeUaL7jErVy7_GxrM0D5Eo1r3SOzN5X-yjROnMkXPkxpSu87w

Mappa til að geyma í náms gögn í, stílabók og pennaveski.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	18.-21. ágúst	Velkomin	
35	24.-28. ágúst	Fritíminn/ tómstundafræði (Frístundir og fagmennska)	
36	31.ág.- 4. sept.	Sögulegt yfirlit tómstundafræðinnar	
37	7.-11. sept.	Fritímaleiðtoginn/Frístundaleiðbeinandinn	
38	14.-18. sept.	Hópefli og kenningar í hópafræðum	
39	21.-25. sept.	Ígrundun og endurmat	
40	28.sept- 2. okt.	Reynslunám og kenningar	Varða I
41	5.-9. okt.	Útinám	
42	12.-16. okt.	Vettvangsheimsókn	
43	19.-23. okt.	Vettvangsheimsókn	Hauðhlé
44	26.-30. okt.	Vettvangsheimsókn	
45	2.-6. nóv.	Kynningar á verkefnum	Varða II
46	9.-13. nóv.	Sjálfskygning	
47	16.-20. nóv.	Verkefnastjórnun	
48	23.-27. nóv.	Hverfið mitt, hvað get ég gert betur	
49	30.nóv.- 4. des.	Samantekt	
50	7.-11. des.	Námsmat og vinna	Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.